

Sýningar

Art-Hún

Stangarhyl 7, sími 673577

Art-Hún-hópurinn sýnir skúlptúrverk, grafík og myndir. Opíð virka daga kl. 12-18. Aðrir tímar eftir samkomulagi.

Ásgrímssafn

Bergstaðastræti 74, sími 13644

Safn Ásgríms Jónssonar er opið á laugardögum og sunnudögum kl. 13.30-16.00. Hópar og einstaklingar, sem vilja koma á öðrum tímum, geta haft samband við safnvörð.

I vetur er sýning á ævintýra- og bjóðsagna-myndum eftir Ásgrím Jónsson í safni hans að Bergstaðastræti 74 í Reykjavík. Nánari upplýsingar veitir Þorgeir Ólafsson í síma 13644/621000.

Ásmundarsafn

Sigtúni, sími 32155

Þar stendur yfir sýning sem ber yfirskriftina Bókmenntirnar í list Ásmundar Sveinssonar. Jafnframt hefur verið tekin í notkun ný viðbygging við Ásmundarsafn. Safnið er opið frá kl. 10-16 alla daga.

Café Milánó

Björg Atla sýnir verk sín í Café Milánó. Hún hefur haldið nokkrar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum. Sýningin er opin alla daga nema sunnudaga kl. 9-19, sunnudaga kl. 13-18.

Café Splitt

Títa Heydecker sýnir málverk. Öll verkin á sýningunni eru máluð á þessu ári. Verk Títa hafa verið sýnd víða í Þýskalandi bæði á einka- og samsýningum frá árinu 1981. Sýningin stendur til 17. maí.

Gallerí Austurstræti 6

Helgi Valgeirsson sýnir málverk í nýju gallerí, Austurstræti 6. Sýningin stendur til 10. maí og er opin alla daga kl. 14-18.

Gallerí List

Skipholti, sími 814020

Sýning á listaverkum eftir ýmsa listamenn. Opíð daglega kl. 10.30-18.

Gallerí Port

Kolaportinu

Opíð laugard. kl. 11-17 og sunnud. kl. 10-16.

Gallerí Sævars Karls

Bankastræti 9.

Þar stendur yfir myndlistarsýning Auðar Ólafsdóttur. Sýningin stendur til 22. maí og er opin á verslunartíma, á virkum dögum kl. 10-18 og á laugardögum kl. 10-16.

Gallerí 11

Skólavörðustíg 4

Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir sýnir skúlptúra, rýjaverk og málverk. Sýningin stendur til 7. maí og er opin alla daga frá kl. 14-18.

Gallerí Úmbra (Torfan)

Amtmannsstíg 1, sími 28889

Galleríð er opið þriðjudaga til föstud. kl. 12-18 og laugard. kl. 12-15.

Hafnarborg

Strandgötu 34

Ingunn Eydal sýnir málverk. Á sýningunni eru olumálverk, grafíkverk og teikningar. Sýningin er opin daglega nema þriðjudaga frá kl. 12-18 fram til 11. maí.

Hótel Lind

Rauðarárstíg 18

Kristmundur Þórarinn Gíslason sýnir málverk á Hótel Lind. Þetta er 12. sýning Kristmundar hér heima og erlendis. Á sýningunni eru sýnd rúmlega 40 smámálverk, unnið í akríl á vatnslitapappír, auk nokkura annarra verka og eru þau öll frá þessu ári. Sýningunni lýkur þann 11. maí.

J. Hinriksson

Maritime Museum

Súðarvogi 4, sími 814677

Sjóminja- og vélsmíðjumunasafnið er opið frá kl. 13-17 þriðjud.-laugard.

„Kaffi Gerði“

Gerðubergi

Andrés Magnússon opnar málverkasýningu í „Kaffi Gerði“ 2. maí. Andrés sýnir landslagsmyndir, unnar með olíulitum. Sýningin stendur til 30. maí. Arní Sigurðsson sýnir einnig í Gerðubergi málverk á tré, teikningar og litógrafíur. Sýningin stendur til 19. maí. Opíð mánudaga til fimmtudaga kl. 10-22 og föstud. og laugard. kl. 13-16. Einnig eru sýnd verk í eigu Reykjavíkurborgar í Gerðubergi.

Kjarvalsstaðir

við Miklatún

Þar standa yfir eftirtaldir sýningar: Í vestursal er sýning á japanskri grafík. Í austursal er sýning á teikningum og Kjarvalssafni. Í austurforsal stendur yfir síðasta ljóðasýningin á þessum vetri, á ljóðum Kristjáns Karlssonar. Í vesturforsal sýnir Margrét Zóphandóttir glerverk.

Mokkakaffi

Skólavörðustíg

Þar stendur yfir sýning á ljósmyndum úr Ljósmyndasafni Reykjavíkurborgar. Myndirnar sýna bæjarbúa við margvísleg störf. Fáeinar upplýsingar fylgja hverri mynd. Sýningin stendur út mánuðinn og er opið alla daga kl. 9.30-23.30 nema sunnudaga kl. 14-23.30.


Nýhöfn

Ásgerður Búadóttir sýnir myndvefnað. Á sýningunni eru 10 verk, ofin úr ull og hrosshári. Þau eru öll unnin á árunum 1989-1992. Sýningin er opin virka daga kl. 12-18 og frá kl. 14-18 um helgar. Lokað á mánudögum. Henni lýkur 13. maí.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar:

Farandsýningu lýkur

Farandsýningunni Sigurjón Ólafsson, Danmörk-Island 1991, sem sýnd hefur verið í Sigurjónssafni í vetur, lýkur sunnudaginn 3. maí. Sýningin var sett upp í Danmörku fyrir réttu ári og fór milli þriggja danskra safna: Kastrupgaardsamlingen, Vejle Kunstmuseum og Silkeborg Kunstmuseum. Auk fjölda ljósmynda af verkum Sigurjóns voru á sýningunni í Danmörku 34 höggmyndir frá 50 ára tímabili úr listaferli Sigurjóns. Þar af voru tíu verk í eigu danskra safna og einstaklinga en frá Íslandi fóru 24 verk og hafa þau verið almenningi til sýnis í Sigurjónssafni í vetur, auk lágmyndar frá árinu 1938 sem safnið eignaðist fyrir skömmu úr einka-



Verkið Surtur eftir Sigurjón Ólafsson.

safni í Danmörku.

Sýningin vakti verulega athygli listgagnrýnenda og gesta og hennar var sérstaklega gerið í ritinu Dansk Kunst 91 sem er árbók um listviðburði í Danmörku. Í tengslum við sýninguna var gefið út vandað rit. Þar eru meðal annars birt viðtöl við nokkra samtímamenn Sigurjóns Ólafssonar og greinar sem varpa ljósi á ýmsa þætti í list hans.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar verður lokað í maímánuði en opnað aftur sunnudaginn 31. maí með sérstakri fjölskyldudagskrá sem stendur til 16. júní og er liður í Listahátíð í Reykjavík.

Norðurland:

Elín sýnir vefnað úr leðri og mokkaskinnnum

Elín Kjartansdóttir heldur sölu-sýningu á vefnaði í félagsheimilinu Yðölum í Aðal dal og í blómaskálanum Vín í Eyjafjarðarsveit og hefst sýning hennar í Yðölum á morgun.

Sýningin í Yðölum verður opin á morgun og sunnudag en nk. þriðjudag verður sýningin síðan opnuð í Vín og stendur yfir þar til 17. maí. Á sýningunni eru aðallega mottur sem ofnar eru úr leðri, mokkaskinnnum, ull og hör. Elín hefur tekið þátt í samsýningum hér á landi og einnig í Svíþjóð á vegum norrænna samvinnustarfsmanna.



Ásgerður Búadóttir myndlistarkona.

Listasalurinn Nýhöfn:

Ull og hrosshár

Ásgerður Búadóttir sýnir í listasalnum við Nýhöfn. Á sýningunni eru tíu verk, ofin úr ull og hrosshári. Þau eru öll unnin á árunum 1989 til 1992.

Þetta er áttunda einkasýning Ásgerðar í Reykjavík en hún hefur haldið fjölda samsýninga hér heima og erlendis. Meðal annars hefur hún sýnt sjö sinnum með sýningarhópnum Koloristerne á Den Frie í Kaupmannahöfn.

Verk eftir Ásgerði eru í mörgum opinberum söfnum og stofnunum, t.d. í Listasafni Íslands, Listasafni Háskóla Íslands, Röhhenska listiðnaðarsafninu í Gautaborg, Norrænu menningarmálastofnuninni í Kaupmannahöfn, Fjölbautaskóla Suðurnesja, Seðlabanka Íslands, Textile Arts Foundation í Main, USA og Listasafni Borgarnes.

Ásgerði voru veitt Menningarverðlaun Dagblaðsins og Vísis árið 1982 og var hún kjörin borgarlistamaður Reykjavíkur 1983 til 1984.

Sýningin í Nýhöfn er opin virka daga frá klukkan 12.00 til 18.00 og frá klukkan 14.00-18.00 um helgar. Lokað á mánudögum. Sýningin stendur til 13. maí.



Sigurður Þórólfsson hefur fengið alþjóðlega viðurkenningu fyrir silfursmíði sína.

Norræna húsið:

Hafsilfur

Sigurður Þórólfsson opnar sýningu sína í anddyri Norræna hússins laugardaginn 2. maí kl. 14.00.

Á sýningunni verða, eins og nafnið bendir til, um fjörutíu silfurmunir, stórir og smáir, tengdir hafinu.

Flest verkin eru unnin á síðustu mánuðum, að undanskildum nokkrum.

um mjög smágerðum skipslíkönnum. Fyrir þau fékk Sigurður verðlaun á alþjóðlegum sýningum í London á árunum 1985 til 1989. Auk þeirra sýninga hefur Sigurður tekið þátt í nokkrum samsýningum hér heima. Þetta er þriðja einkasýning hans og stendur hún til 17. maí.

Kjarvalsstaðir:

Grafík, teikningar Kjarvals og ljóðasýning

Í vestursal Kjarvalsstaða stendur nú yfir sýning á japanskri grafík. Þetta er úrval verka eftir starfandi japanska grafíklistamenn frá hinum ýmsu héruðum Japans, þannig að sýningin er bæði fjölbreytt og sýnir það besta sem er að gerast í japanskri grafík í dag. Þetta er farandsýning, sett upp í samvinnu við japanska sendiráðið, styrkt af Tokyo International Exchange Association og var sýningin fyrr á þessu ári í Dublin, Írlandi og Noregi.

Teikningar Kjarvals eru til sýnis í austursal. Þetta eru teikningar úr Kjarvalssafni. Jóhannes Kjarval var síteiknandi alla ævi og liggja eftir

hann ógrynna af hinum fjölbreytlegustu teikningum frá hinum ýmsu tímabilum í ævi listamannsins og af ýmsu tagi svo sem landslagsmyndir, andlitsmyndir af samtímafólki.

Í austurforsal er síðasta ljóðasýningin á þessum vetri, á ljóðum Kristjáns Karlssonar, en undanfarna mánuði hafa Kjarvalsstaðir og RÚV, rás 1, staðið sameiginlega að kynningum á ljóðum núlifandi íslenskra skálda.

Í vesturforsal opnar Margrét Zóphandóttir sýningu á glerverkum. Sýningum þessum lýkur þann 10. maí og eru Kjarvalsstaðir opnir daglega frá klukkan 10 til 18.

Guðrún Hrönn sýnir í Gallerí 1 1

Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir sýnir um þessar mundir í Gallerí 1 1, Skólavörðustíg 4b.

Guðrún er fædd árið 1956. Hún útskrifaðist úr nýlistadeild Myndlistar- og handiðaskóla Íslands 1978 og nam við Jan van Eyck Academie Mastricht Hollandi 1979 til 1982.

Guðrún hefur haldið einkasýning-

ar í Nýlistasafninu 1982, 1986 og 1988. Auk einkasýninga í Amsterdam og Finnlandi.

Á sýningunni eru skúlptúrar, rýjaverk og málverk.

Sýningin stendur til 7. maí og er opin alla daga frá klukkan 14.00 til 18.00.

Sýningar

Nýlistasafnið

Vatnsstíg 3b

Kess Visser sýnir verk sín í Nýlistasafninu. Sýningin er opin daglega kl. 14-18. Henni lýkur 3. maí.

Norræna húsið

Í sýningarsölum stendur yfir sýning á ljósmyndum sem nemendur við ljósmyndaakademíuna (Akademien för fotografi) í Listiðnaðarskólanum í Stokkhólm hafa tekið og unnið. Sýningin verður opin daglega kl. 14-19 og lýkur 10. maí. Sigurður Þórólfsson opnar sýningu sína, Hafsilfur, í anddyri hússins á laugardag kl. 14. Á sýningunni verða um 40 silfurmunir, stórir og smáir, tengdir hafinu. Þetta er þriðja einkasýning Sigurðar og verður hún opin daglega til 17. maí.

Katel

Laugavegi 20b, sími 18610

(Klapparstígmegin)

Til sölu eru verk eftir innlenda og erlenda listamenn, málverk, grafík og leirmunir.

Listasafn alþjóðu

v/Grensásveg

Á morgun kl. 16 verður opnuð sýning á myndum eftir Hauk Dór. Sýningin er á vegum safnsins. Sýningin verður opin daglega kl. 14-19. Sýningin stendur til 24. maí.

Listasafn

Einars Jónssonar

Njarðargötu, sími 13797

Opíð laugardaga og sunnudaga kl. 13.30-16. Höggmyndagráðurinn er opin daglega kl. 11-16.

Listinn

gallerí – innrömmun

Síðumúla 32, sími 679025

Uppsetningar eftir þekktu, íslenska málara. Opíð virka daga kl. 9-18, laugardaga kl. 10-18 og sunnudaga kl. 14-18.

Listasafn

Háskóla Íslands

í Odda, sími 26806

Þar er nú á öllum hæðum sýning á nýjum verkum í eigu safnsins. Opíð er daglega kl. 14-18. Aðgangur að safninu er ókeypis.

Listasafn Íslands

Frikirkjuvegi 7, sími 621000

Sunnudaginn 3. maí eru síðustu forvöð að sjá sýningu Listasafnsins á verkum úr gjöf Finns Jónssonar og Guðnyjar Elisdóttur. Sýningunni átti að ljúka 26. apríl sl. en var framlengd um viku vegna góðrar aðsóknar. Listasafn Íslands er opið alla daga nema mánudaga kl. 12-18. Kaffistofa safnsins er opin á sama tíma.

Listasafn Sigurjóns

Laugarnesi, sími 32906

Farandsýningin Sigurjón Ólafsson – Danmörk – Island 1991 – stendur yfir í listasafninu. Hér er um að ræða yfirlitssýningu. Sýningin er opin um helgar kl. 14-17. Síðasta sýningarhelgi.

Listhúsið Snegla

Grettisgötu 7, sími 620426

Þar eru listmunir til sýnis og sölu, unnir af 15 listakönnum sem vinna í textíl, keramik og skúlptúr. Opíð mánudaga til föstudaga kl. 12-18 og laugardaga kl. 10-14.

Sjóminjasafn Íslands

Vesturgötu 8

Hafnarfirði, sími 52502

Opíð laugardaga og sunnudaga kl. 14-18.

Póst- og símaminjasafnið

Austurgötu 11, sími 54321

Opíð á sunnudögum og þriðjudögum kl. 15-18. Aðgangur ókeypis.

Vinnustofa Ríkeyjar

Hverfisgötu 59, sími 23218

Þar eru til sýnis og sölu postúllinslagmyndir, málverk og ýmsir litir hlutir. Opíð er á verslunartíma þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga og á laugardögum kl. 10-16.

Þjóðminjasafnið

sími 28888

Á þriðju hæð stendur yfir sýning á tónlistarökum á Íslandi í fyrri tíð. Sönglíf í heimahúsum. Í Bogasál stendur yfir sýning á dýrgripum úr Skálholti. Þar gefur að líta forna kirkjugrípi og skróða. Sýningin er opin þriðjudaga, fimmtudaga, laugardaga og sunnudaga kl. 12-16.

Eden

Hveragerði

Sænsk myndlistarkona, Ulla Husfurd, sýnir akrílmálverk sem hún hefur málað í Guatemala, Mexíkó og Santa Domingo. Öll verkin eru ný og til sölu. Ulla hefur haldið 24 einkasýningar. Sýningin er opin alla virka daga kl. 10-22. Sýningin var opnuð 27. apríl og stendur hún til 10. maí. Allir velkomnir.

Minjasafnið á Akureyri

Aðalstræti 58, sími 24162

Opíð daglega kl. 11-17. Þar stendur yfir sýning á mannamyndum Hallgríms Einarssonar ljósmyndara. Möppur með ljósmyndum liggja frammi og einnig eru til sýnis munir og áhöld af ljósmyndastofu Hallgríms.